

1998 nr. 144 22. desember
[Lög um refsíabyrgð lögaðila vegna
mútugreiðslna og hryðjuverka]¹⁾

¹⁾ L. 99/2002, 4. gr.

Tóku gildi 30. desember 1998. Breytt með l. 99/2002 (tóku gildi 31. maí 2002) og l. 125/2003 (tóku gildi 30. des. 2003).

■ **1. gr.**

□ [Nú er í starfsemi lögaðila framið brot gegn 109. gr. eða 1. mgr. 264. gr. a almennra hegningarlaga og er þá heimilt að gera lögaðilanum fésekt. Nú er í starfsemi lögaðila framið brot gegn 264. gr. almennra hegningarlaga og frumbrotið, sem ávinningur stafar af, varðar 109. gr. eða 1. mgr. 264. gr. a almennra hegningarlaga og er þá sömuleiðis heimilt að gera

lögaðilanum fésekt.]¹⁾

¹⁾ L. 125/2003, 5. gr.

■ **[2. gr.**

□ Nú er í starfsemi lögaðila framið brot gegn 100. gr. a – 100. gr. c almennra hegningarlaga og er þá heimilt að gera lögaðilanum fésekt.]¹⁾

¹⁾ L. 99/2002, 3. gr.

■ **[3. gr.**

□ Um tilhögun refsíabyrgðar samkvæmt lögnum fer eftir II. kafla A almennra hegningarlaga.]¹⁾

¹⁾ L. 125/2003, 6. gr.

■ **[4. gr.]¹⁾**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

¹⁾ L. 125/2003, 6. gr.